

Leiðbeiningar vegna vinnuskila hjá vaktavinnufólki

Fullt starf = 100% = 36 stundir á viku að jafnaði yfir vaktatímabil að teknu tilliti til vægis vinnuskyldustunda sbr. meðfylgjandi töflur

Skipulag vaktarskráa skal byggja á gildandi kjarasamningum og hvíldartímaákvæðum. Við gerð vaktaskrár skal leitast við að skipuleggja vaktir þannig að vinnuskil hvers starfsmanns séu sem næst 0 við lok vaktatímabils. Meginreglan er sú að vinnuskil umfram vaktskrá skulu vera greidd sem yfirvinna. Þó er gert ráð fyrir að þegar um vaktavinnu er að ræða sé eðlilegt að vinnuskil sveiflist að hóflegu leyti á milli tímabila í samræmi við starfshlutfall viðkomandi og ólíka vinnuskyldu á milli mánaða.

Ef yfirvinna er reglubundin og fyrirséð er æskilegt að stjórnandi ræði við starfsmenn um það hvort endurskoða eigi starfshlutfall.

Haldið skal utan um vinnuskil hvers vaktskrártímabils á gagnsæjan og aðgengilegan hátt, t.d. með tímaskráningarkerfi.

Vinnuskil vegna rauðra daga.

Í kjarasamningi eru ákvæði um rauða daga sem lenda á virkum degi, sem lækka vinnuskyldu vaktavinnufólks. Að jafnaði skal taka út lækkun á vinnuskilum vegna þeirra innan tímabils vaktskrár. Ef vinnuskil starfsmanns verða meiri en vinnuskylda innan vaktskrártímabils vegna rauðra daga skal jafna þau eins fljótt og hægt er nema samkomulag um annað sé milli starfsmanns og yfirmanns. Skv. kjarasamningi getur starfsmaður óskað eftir því að safna upp vinnuskilum vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga og skal hann tilkynna sínum yfirmanni um það fyrir framlagningu vaktskrár þegar ávinnsla á sér stað. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanns enda verði því viðkomið vegna starfsemi stofnunar.“ Í kjarasamningi segir jafnframt að „í þeim tilfellum þar sem vinnuskil vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga flytjast á milli mánaða skal halda utan um það og starfsfólk upplýst reglulega.“

Eins og sjá má á neðan greindum töflum er vinnuskylda eftir vikum og mánuðum mjög breytileg og ólík milli ára.

Vinnuskylda 2026:

MÁNAÐARLEG VINNUSKIL NIÐUR Á VIKUR (VIKA HEFST Á SUNNUDEGI)												
VIKA NR	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
	1	7,2	36,0	36,0	7,2	36,0	14,4	28,8	14,4	36,0	28,8	
	2	36,0	36,0	36,0	28,8	28,8	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0
	3	36,0	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	4	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	25,2
	5	36,0		14,4	28,8	28,8	14,4	43,2	36,0	21,6	36,0	7,2
6								7,2				
SAMTALS VINNUSKIL	151,2	144,0	158,4	129,6	129,6	151,2	165,6	144,0	158,4	158,4	151,2	151,2

Vinnuskylda 2027:

MÁNAÐARLEG VINNUSKIL NIÐUR Á VIKUR (VIKA HEFST Á SUNNUDEGI)												
VIKA NR	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
	1		36,0	36,0	14,4	28,8	14,4	28,8	21,6	7,2	36,0	21,6
	2	36,0	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	3	36,0	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	4	36,0	36,0	21,6	28,8	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	32,4
	5	36,0		14,4	36,0	21,6	36,0	14,4	28,8	36,0	14,4	32,4
6					7,2							
SAMTALS VINNUSKIL	144,0	144,0	144,0	151,2	136,8	151,2	158,4	151,2	158,4	151,2	158,4	158,4

Vinnuskylda 2028:

MÁNAÐARLEG VINNUSKIL NIÐUR Á VIKUR (VIKA HEFST Á SUNNUDEGI)												
VIKA NR	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
	1		28,8	21,6	28,8	14,4		28,8	7,2	36,0	21,6	7,2
	2	36,0	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0
	3	36,0	36,0	36,0	21,6	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	4	36,0	36,0	36,0	21,6	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	5	36,0	14,4	36,0	36,0	21,6	36,0	36,0	28,8	36,0	14,4	28,8
6		7,2					7,2					21,6
SAMTALS VINNUSKIL	151,2	151,2	165,6	115,2	151,2	151,2	151,2	158,4	151,2	158,4	158,4	136,8

Vinnuskylda 2029:

MÁNAÐARLEG VINNUSKIL NIÐUR Á VIKUR (VIKA HEFST Á SUNNUDEGI)												
VIKA NR	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
	1	28,8	14,4	14,4	36,0	21,6	7,2	36,0	21,6	36,0	14,4	
	2	36,0	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0
	3	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	4	36,0	36,0	36,0	36,0	28,8	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0	36,0
	5	21,6	21,6	21,6		28,8	36,0	14,4	36,0	36,0	21,6	36,0
6												18,0
SAMTALS VINNUSKIL	158,4	144,0	144,0	136,8	144,0	151,2	158,4	158,4	144,0	165,6	158,4	129,6